

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2017

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 62,0 m€ og 158,8 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2016: 57,2 m€, fyrstu níu mánuðum 2016: 152,5 m€)
- EBITDA nam 18,4 m€ á þriðja ársfjórðungi og 32,3 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2016: 19,2 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2016: 40,1 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 11,6 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 17,3 m€ (3F 2016: 12,7 m€, fyrstu níu mánuði 2016: 25,2 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 13,2 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuði 2016: 14,5 m€)

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2017	3F2016	9M2017	9M2016
Seldar vörur	62.019	57.215	158.832	152.451
Kostnaðarverð seldra vara	(43.220)	(35.971)	(122.472)	(107.515)
Vergur hagnaður	18.799	21.244	36.360	44.936
Aðrar tekjur	0	0	1.240	0
Útflutningskostnaður	(3.486)	(3.319)	(7.956)	(8.496)
Annar rekstrarkostnaður	(764)	(2.425)	(7.274)	(7.414)
Rekstrarhagnaður	14.549	15.500	22.370	29.026
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(2.167)	(1.239)	(3.692)	(1.930)
Áhrif hlutdeildarfélagas	2.084	1.240	3.132	2.990
Hagnaður fyrir tekjuskatt	14.466	15.501	21.810	30.086
Tekjuskattur	(2.824)	(2.832)	(4.509)	(4.930)
Hagnaður tímabilsins	11.642	12.669	17.301	25.156
EBITDA	18.383	19.177	32.295	40.139

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2017

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 námu 158,8 m€, samanborið við 152,5 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 32,3 m€ eða 20,3% af rekstrartekjum, en var 40,1 m€ eða 26,3% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 3,7 m€, en voru neikvæð um 1,9 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélagas voru jákvæð um 3,1 m€, en voru jákvæð um 3,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 21,8 m€ og hagnaður tímabilsins var 17,3 m€.

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2017

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 500,8 m€ í lok september 2017. Þar af voru fastafjármunir 405,0 m€ og veltufjármunir 95,8 m€. Eigið fé nam 249,5 m€, eiginfjárhlutfall í lok september var 49,8%, en var 55,6% í lok árs 2016. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 251,3 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2017 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2017	31.12.2016
Fastafjármunir	404.986	372.601
Veltufjármunir	95.804	77.447
Eignir samtals	500.790	450.048
Eigið fé	249.496	250.102
Langtímaskuldir	154.844	126.334
Skammtímaskuldir	96.450	73.612
Eigið fé og skuldir samtals.....	500.790	450.048

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 13,2 m€ á tímabilinu, en nam 14,5 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 41,6 m€. Fjármögnunarahreyfingar voru jákvæðar um 31,7 m€. Handbært fé hækkaði því um 3,3 m€ á tímabilinuog var í lok september 10,6 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2017	2016
í þúsundum evra	1.1.-30.09	1.1.-30.09.
Handbært fé frá rekstri	13.213	14.543
Fjárfestingarhreyfingar	(41.638)	(48.541)
Fjármögnunarahreyfingar	31.690	33.980
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	3.265 (18)
Handbært fé í lok tímabilsins.....	10.599	11.186

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2017 (1 evra = 119,22 kr) verða tekjur 18,9 milljarðar króna, EBITDA 3,9 milljarður og hagnaður 2,1 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2017 (1 evra = 124,20 kr) verða eignir samtals 62,2 milljarðar króna, skuldir 31,2 milljarðar og eigið fé 31,0 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í skipastól félagsins voru í septemberlok níu skip. Félagið hefur selt frystitogarann Þerney RE-1 og verður skipið afhent 30. nóvember. Verið er að koma fyrir vinnslubúnaði í ísfiskstogarann Akurey AK-10 og gert er ráð fyrir að Viðey RE-50 komi til landsins fyrir júl.

Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2017

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 var afli skipa félagsins 34 þúsund tonn af botnfiski og 88 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Kynningarfundur þann 30. nóvember 2017

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 30. nóvember klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.